

v/ 4. mál (þingskjal 4)

Hafnarfjörður, 17.06.2013.

Okkur er sönn ánægja að verða við óskum um umsögn á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða (stærðarmörk krókaflamarksbáta, strandveiðar, gjaldtökuheimildir, viðurlög), 4. mál.

Okkar umsögn beinist eingöngu að þeim hluta frumvarpsins sem fjallar um stærðarmörk krókaflamarksbáta.

Trefjar ehf taka ekki afstöðu til þess hvort stærðarbreyting á krókaflamarksbátum sé til bóta fyrir fiskveiðistjórnunina eða ekki.

Verði það niðurstaða nefndarinnar að mæla með rýmkun á stærðartakmörkunum báta sem veiða með krókaflamarki, teljum við að viðmið um hámarks lengd báta 15metra (L_m) sé að mörgu leyti skynsamleg.

Hins vegar passa 15metra hámarks lengdarmörk og hámarksstærð 20 brúttótonn ekki saman.

Verði þetta niðurstaðan og notast áfram við íslensku reiknireglu fyrir brúttótonn þurfa bátar að verða óeðlilega mjóir til að nýta alla 15m lengdina sé áhugi á því.

Verði hins vegar reiknireglan notuð sem nefnd er í frumvarpinu. Mun tilhneiging verða til að smíða báta sem eru óþarflega lágir os.frv. sem takmarkar hönnunarforsendur í fiskilestum sem aftur takmarkar möguleika á meðferð afla um borð.

Stærðartakmörkun við 30 brúttótonn (BT) og 15m (L_m) er skynsamlegri leið að okkar mati, auk þess sem að allir núverandi bátar í kerfinu rúmast innan þeirra marka og ekki þörf á sérstakri lagagrein um báta sem eru „of stórir“ fyrir stærðarmörk laganna.

Smíðar atvinnubáta undir 15metrum

Um smíði vinnubáta 15m og minni að mestu lengd á Íslandi gilda samnorrænar reglur sem tóku gildi 1990. Gerð þessara regla var samstarfsverkefni milli Siglingastofnanna á Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi auk flokkunarfélagsins Det Norske Veritas (DNV). Þessar reglur hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum og eru að mestu leyti eins í löndunum. Löndin hafa þó heimild til að setja sérákvæði sem taka mið af aðstæðum á hverjum stað. T.d. sérákvæði um aukinn styrkleika á svæðum þar sem von er á hafís o.s.frv.

Hægt er að fullyrða að þessar reglur hafa reynst vel og er hagræði fyrir skipasmíðaiðnað í löndunum að hafa reglurnar eins líkar og hægt er. Ríkar öryggiskröfur eru í Norðurlandareglum sem er alls ekki tilvikið í reglum í mörgum öðrum löndum í Evrópu. Reglur eru víða mjög einfaldar og oft á tíðum óljósar.

TREFJAR EHF

Óseyrarbraut 29 • 222 Hafnarfjörður • Iceland

Tel:+(354) 550 0100 • Fax:+(354) 550 0120 • E-mail: cleopatra@trefjar.is • www.trefjar.is

Eftirlit er einnig til fyrirmyndar á Íslandi miðað við mörg Evrópulönd þar sem við þekkjum til.

Með því að hafa stærðarmörk krókaafلامarksbáta undir 15m rúmast þeir áfram innan þessarar reglna og er því áfram stuðlað að þróun þeirra.

Reiknireglur til að ákvarða brúttótonnatölu

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að breyta um reiknireglu fyrir brúttótonn og miða nú við alþjóðaformúlu sem notaðar eru fyrir skip yfir 24metra á lengd. (Alþjóða-samþykkt frá 1969).

Að okkar mati er með öllu óþarft að breyta um reiknireglu samhliða í þessu frumvarpi. Fyrir því liggja nokkur rök:

- Dýpt hefur ráðandi áhrif á útkomuna. Þetta gerir mælingu bátanna flóknari og getur leitt til að leitast verði eftir að hafa dekk óþarflega lág í bátum til “að mæla þá niður”. Þetta getur kallað fram ýmsar óæskilegar hliðar í bátahönnun og bátsmíðum. T.d. hluti dekks lækkaður niður eingöngu til að komast neðar í mælingum. Slíkt hefur ekkert annað gildi en kostnað og óhagræði við smíðar og notkun á bátunum, til þess eins að koma mælingum neðar.
- Uppreikna þarf allan flotan og í einhverjum tilvikum mun þurfa að endurmæla báta með tilheyrandi kostnaði.
- Þessi reikniregla er notuð í mörgum Evrópulöndum, þó með nokkrum blæbrigða mun milli landa. Í öllum þessara landa eru veiðileyfin tengd nákvæmri tonnatöllu hvers skips sem og vélarafli í kW. Þannig er tonnatala og vélarafli notað til að takmarka sóknargetu flotans í heild. Það eru engin slík viðmið við líði á Íslandi og því hefur þetta ekkert gildi til samræmingar.

Við mælingar á bátum undir 15m á Íslandi er stuðst við alþjóðlegar skilgreiningar á lengdum, breiddum og dýptarmálum. Við útreikning á brúttótonnum er hins vegar notast við séríslenska formúlu:

$$BT = 0,031 * B_s * L_s^2$$

Þessi formúla var fengin með nákvæmri mælingu úrtaks nokkurra báta á Íslandi fyrir nokkrum árum. Fastinn 0,031 var meðaltalsfasti lýsandi fyrir allt úrtakið. Einfaldleiki þessarar formúlu hefur reynst ágætlega. Eingöngu breidd og lengd sem ákvarða útkomuna.

Að okkar mati er besti kosturinn að nota núverandi reikniformúlu áfram, jafnhliða breytingu í 15 metra og 30 brúttótonn. Með því móti er ekki verið að flækja málið að óþörfu.

Undanþágur frá mælingum

Í umræðum um frumvarpið hefur mönnum orðið tíðrætt um skutgeyma, síðustokka og „ýmislegt annað sem sett er utan á bátanna“.

TREFJAR EHF

Óseyrarbraut 29 • 222 Hafnarfjörður • Iceland

Tel:+(354) 550 0100 • Fax:+(354) 550 0120 • E-mail: cleopatra@trefjar.is • www.trefjar.is

Þetta hefur verið nefnd sem ein aðalástæðan fyrir rýmkun á stærð krókaflamarksbáta að fella þessar undanþágu heimildir úr gildi.

Það er rétt að allflestir smábátar sem smíðaðir hafa verið á Íslandi síðustu ár eru búnir skutgeymum, stýriskössum og sérstöku athafnasvæði á gafli (í daglegu tali kallað “svalir”). Stærð og lögun þessarra hluta þarf að vera samkvæmt ákveðnum reglum, ætli menn að fá þá **undanþegna** frá skráningarlengd bátanna (L_s). Þessir hlutir eru hins vegar ávallt mældir með í mestu lengd bátanna (L_m). Um þessi mál er fjallað í verklagsreglu nr. 25.03.02.02.03 frá Siglingastofnum Íslands.


Verklagsreglan veitir mælingarundanþágur fyrir báta allt að 15metrum mestu lengd. Verði breyting gerð á lögum um stærðarmörk krókaflamarksbáta og þau færð í 15m verður þessi “undanþáguhvati” ekki lengur til staðar, þar sem verklagsreglan tekur ekki til báta stærri en 15m að mestu lengd.

Þannig er hægt að fella þessa verklagsreglu úr gildi samhliða.

Að okkar mati er mikilvægt að skilgreina á skýran hátt hvaða hlutir teljast sem “auðlosanlegur búnaðar” eins og hugtakið er orðað í nýja frumvarpinu. Með skýrri verklagsreglu um þetta atriði minnka líkur á deilumálum og evt. kærum.

F.h. Trefja ehf,

Með kveðju,



Högni Bergþórsson.

TREFJAR EHF

Óseyrarbraut 29 • 222 Hafnarfjörður • Iceland

Tel:+(354) 550 0100 • Fax:+(354) 550 0120 • E-mail: cleopatra@trefjar.is • www.trefjar.is